



## Velferð

### **Samþykkingum aldrei fátækt**

Velferðarþjónusta á félagslegum grunni tryggir aðgengi allra að góðri menntun, heilbrigðis- og félagsþjónustu án tillits til efnahags. Forgangsröðum í þágu velferðar barna og fjölskyldna og tryggjum að lægstu bætur dugi fyrir framfærslu.

### **Tryggjum öllum borgarbúum heimili. Komum á öruggum leigu- og kaupleigumarkaði á félagslegum grunni.**

Hugmyndafræði um einkaeign allra á húsnæði hefur gengið sér til húðar. Tryggja verður fjölbreyttari kosti fyrir einstaklinga og fjölskyldur. Höfum frumkvæði að samráði við ríki og íbúasamvinnufélög til að þróa fleiri úrræði. Endurskoðum rekstrarform og málefni Félagsbústaða með það að markmiði að tryggja öllum Reykvíkungum sómasamlegt heimili.

### **Tryggja verður viðunandi úrræði fyrir útigangsfólk í Reykjavík**

Grunnhlutverk sveitarfélaga er að gæta velferðar íbúanna og tryggja öllum húsnæði, fæði og aðrar nauðpurftir. Öxlum ábyrgð og líðum ekki heimilisleysi í Reykjavík. Viðurkennum sérstöðu útigangskvenna og sinnum þeim þannig að sómi sé að.

### **Gerum stóratök í aðgengismálum fatlaðra**

Aðgengi er grundvöllur þátttöku í samfélaginu. Tryggjum aðgengi fatlaðra að öllum opinberum byggingum og almannasvæðum borgarinnar. Það er forgangsmál.

### **Málefni aldraðra og fatlaðra í nærumhverfi**

Vanda þarf til verka við flutning á málefnum aldraðra og fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Tryggjum að nægt fjármagn fylgi og að samningurinn verði endurskoðaður svo þróa megi þjónustuna áfram í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Notendastýrð þjónusta snýst um sjálfsögd mannréttindi. Tökum undir slagorð Öryrkjabandalagsins „ekkert um okkur án okkar“ í allri vinnu í málaflokknum.

### **Tryggjum þjónustu við innflytjendur**

Þjónusta við innflytjendur er á tímamótum vegna breytinga á Alþjóðahúsi. Öxlum ábyrgð og veitum þá þjónustu sem þarf. Eflum íslensku-, móðurmáls-, samfélags- og fordómafræðslu í leik- og grunnskólum og tryggjum þátttöku í tómsunda- og æskulýðsstarfi.

### **Eflum grunnskólana – þeir eru lykilstofnanir sveitarfélagsins**

Grunnskólinn á að vera öruggt skjól fyrir börn og ungmenni á öllum tímum, jafnt á tímum efnahagsþrenginga sem góðæris. Þeir eiga að vera gjaldfrjálsir og án aðgreiningar að öllu leyti. Stöndum vörð um list- og verknám, hreyfingu og útikennslu og tryggjum fjölbreytt og skapandi skólastarf.

### **Samþættum skóla- og frístundastarf barna**

Börn og ungmenni eiga skýlausan rétt á innihaldsríkum frítíma, í samfellu við hefðbundið skólastarf. Stöndum vörð um íþrótta- og æskulýðsstarf; skólahljómsveitir, tónlistarskóla, íþróttafélög, félagsmiðstöðvar og frístundaheimili.



## Lýðræði

### Gagnsæi í stjórnámum og stjórnkerfi

Rannsókn er að hefjast á stjórnsýslu borgarinnar að frumkvæði Vinstri grænna og er liður í að upplýsa almenning um tengsl stjórn mála og atvinnulífs og kanna hvort pottur hafi verið brotinn gagnvart hagsmunum almennings. Vinstri græn hafa haft opið bókhald frá upphafi og aldrei staðið fyrir prófkjörum með framlögum frá fyrirtækjum og fjármagnseigendum. Til að bæta stjórnsýslu þarf skýran pólitískan vilja og raunverulegt samráð við íbúa og hagsmunaaðila.

### Almannafyrirtæki í almannaeigu

Tryggjum að fyrirtæki sem sinna grunnþjónustu borgarinnar starfi í samræmi við þarfir og kröfur íbúa hennar. Kjörnir fulltrúar starfa í umboði almennings og verða að hafa þarfir þeirra í forgrunni. Almenningsfyrirtæki á borð við Orkuveituna, Sorpu og Strætó mega ekki lenda í klóm braskara.

### Jafnréttis-, lýðræðis- og umhverfisfræðsla á vegum borgarinnar

Eflum jafnréttis-, lýðræðis- og umhverfisfræðslu á vegum borgarinnar, jafnt í leik- og grunnskólum, innan félagasamtaka og í stjórnsýslunni. Hvetjum börn og ungmenni til að hugsa gagnrýnið, eflum umhverfisvitund þeirra og vinnum gegn hamlandi áhrifum staðalmynda kynjanna á þroska þeirra, menntun og valkosti. Lýðræðið krefst þess að fólk komi fram af virðingu hvert við annað og að skoðanaskipti fari fram á jafningjagrundvelli.

### Aukum aðkomu íbúanna að stjórnun borgarinnar í gegnum öflugri hverfisráð

Aukum lýðræðislega aðkomu íbúanna að stjórnun borgarinnar og þátttöku almennings í mótun umhverfis og samfélags. Veitum hverfisráðum raunverulegt umboð til forgangsröðunar og ákvarðanatöku í sínu hverfi. Styðjum frumkvæði íbúanna og eflum samráð við íþrótt- og æskulýðsfélög, foreldrafélög og önnur grasrótarsamtök sem starf á félagslegum forsendum. Nýtum Netið og rafræna stjórnsýslu til að auka upplýsingagjöf og þátttöku.

### Gerum alla þjónustu borgarinnar aðgengilega á þjónustumiðstöðvum

Færum þjónustu borgarinnar nær íbúunum og aukum hlutverk þjónustumiðstöðva í hverfum. Þannig stuðlum við að auknum félagsauði í hverfunum og tryggjum eins persónulega þjónustu og framast er unnt. Flutningur á málefnum fatlaðra og aldraðra frá ríki til sveitarfélaga er mikilvægt skref í að færa þjónustuna nær fólki.



## Atvinna

### Fjölbreytt atvinnusköpun á vegum Reykjavíkurborgar

Atvinnumál eru eitt stærsta velferðarmál samtímans. Reykjavíkurborg er einn stærsti vinnustaður landsins, enda reiða um 8000 borgarstarfsmenn sig á hana sem atvinnurekanda. Borgin á að axla ábyrgð sem stjórnvald, atvinnurekandi, samstarfsaðili og veitandi þjónustu. Mótum skýra stefnu í atvinnumálum sem tekur mið af þessum ólíku hlutverkum borgarinnar. Félagslegar og efnahagslegar afleiðingar atvinnuleysis munu reynast borginni dýrkeyptar ef ekkert verður að gert.

Atvinnusköpun verður að taka mið af stöðu ólíkra hópa í samfélaginu og áhrifum atvinnuleysis á þá. Starfsfólk borgarinnar er kraftmikið og skapandi og hefur ótal hugmyndir um brýn verkefni. Eflum skapandi starf, menntun, forvarnir og velferð á sama tíma og við sköpum störf og lágmörkum áhrif kreppunnar á borgarbúa.

### Nýsköpun í Reykjavík

Eflum enn umhverfi fyrir þekkingar- og nýsköpunarfyrirtæki og sköpum aðstæður fyrir fólk til að skapa sér störf. Nýtum húsnæði borgarinnar í þágu atvinnuþróunar einstaklinga og stuðlum að samstarfi háskóla, símenntunarmiðstöðva, atvinnulífs og rannsóknarstofnana. Þannig fjölgum við fjölbreyttum störfum í Reykjavík.

### Bætum skilyrði ferðaþjónustu – Reykjavík er áhugaverður áfangastaður

Styrkjum innviði ferðaþjónustunnar í Reykjavík í samstarfi við rekstraraðila. Komum á landvörslu í miðborginni og útivistarsvæðum, styrkjum Höfuðborgarstofu sem gestastofu, fjölgum viðburðum á vegum borgarinnar yfir allt árið, gerum sögu og menningu sýnilegri og verndum náttúruperlur borgarinnar.

### Viðhald umfram nýframkvæmdir

Efnahagshrunið hefur haft mikil áhrif á atvinnustig iðnaðarmanna og verður að taka sérstakt mið af því í forgangsröðun og verkefnavali á vegum borgarinnar. Tökum þátt í viðhaldsátaki ríkisstjórnarinnar og leggjum megináherslu á viðhald og aðgengi að opinberum byggingum. Þannig sköpum við fleiri störf fyrir þá takmörkuðu fjármuni sem við höfum til ráðstöfunar.

### Fjölgum sumarstörfum á vegum borgarinnar og bregðumst við atvinnuleysi ungs fólks

Rannsóknir sýna að atvinnuleysi hefur meiri áhrif á ungt fólk en þau sem eldri eru og til lengri tíma. Sérstækar aðgerðir gegn atvinnuleysi ungs fólks eru nauðsynlegar og tryggja þarf fjölbreytt sumarstörf á vegum borgarinnar.

### Útrýmum kynbundnum launamun hjá Reykjavíkurborg

Kynbundinn launamunur er með öllu óviðunandi. Endurskoðum yfirvinnu og akstursgreiðslur með tilliti til kynferðis og tryggjum að sambærileg laun séu greidd fyrir sambærilega vinnu.



## Umhverfi

### Skýr framtíðarsýn í skipulagsmálum

Skipulag snýst um lífsgæði okkar allra og má ekki vera í þágu þröngra sérhagsmuna. Stóreflum samvinnu milli sveitarfélaga á sviði skipulagsmála og mótum sameiginlega stefnu um nýtingu lands á höfuðborgarsvæðinu. Gerum skipulagsáætlanir fyrir hvert hverfi um sig með þarfir og þjónustu við íbúa í forgrunni. Vöndum til verka og munum að allar ákvarðanir í skipulagsmálum varða komandi kynslóðir.

### Ræktum menningararfinn

Gróin hverfi og gömul hús búa yfir miklu aðdráttarafli. Í þeim liggur saga og samhengi sem halda þarf til haga, hlúa að og lyfta. Tryggjum að menningarverðmæti í borginni, gömul og ný, glattist ekki. Gerum sögunni skil með bættum merkingum og upplýsingaskiltum um alla borg og hugum að sögulegri yfirsýn í skipulagi. Hvert tímabil byggingarsögunnar hefur sína sérstöðu sem ber að virða.

### Gerum borgarbúum kleift að flokka sorp

Reykjavík verði fremst sveitarfélaga í sorpflokkun og sýni metnað á borð við þær borgir sem lengst eru komnar á þessu sviði. Lágörkum urðun og háörkum endurnýtingu. Jarðgerð og metangasframléiðsla eru forgangsmáttíð. Minnum alla á mikilvægi sorpflokkunar og aukum möguleika fólks á flokkun við heimili sín.

### Strætó er grunnþjónusta – aukum tíðni og þéttum leiðakerfið

Lykillinn að bættum hag borgarbúa er að tryggja góðar almenningssamgöngur. Greiðar almenningssamgöngur spara samfélaginu rekstur gatna og bílastæða, auka lífsgæði og bæta mannlíf. Hlustum á notendur, fjölgum ferðum, þéttum leiðarkerfið og fjölgum forgangsakreinum. Til að borgin standi undir nafni þarf að gera strætó að skjótum, öruggum og ódýrum valkosti.

### Gerum hjólreiðar að raunhæfum samgöngumáta

Fjölgum hjólreiðastígum til muna og tengjum stofnstíga við helstu þjónustukjarna í hverfum. Hjólreiðastígar eiga að vera sjálfsagður hluti af samgöngukerfi borgarinnar og standa jafnfætis gatnakerfinu. Hjólreiðar auðga mannlíf í borginni, eru umhverfisvænn, hagkvæmur og heilsusamlegur ferðamáti.

### Verndum vatnsbólin - tryggjum aðgengi borgarbúa að hreinu vatni

Vatnsból borgarbúa eru dýrmætustu auðlindir okkar. Engir hagsmunir geta verið svo mikilvægir að þeir réttlæti minnstu hættu á mengun eða skemmdum á vatnsbólum Reykvíkinga. Verndum þau undir öllum kringumstæðum.

### Verndum viðkvæm svæði

Stöndum vörð um græn svæði í íbúðahverfum og tryggjum útivistarsvæði fyrir alla íbúa. Gætum að helgunarsvæðum og lífríki áa og vatna í borgarlandinu og tryggjum að mannlíf og framkvæmdir séu ávallt í sátt við náttúru og umhverfi.

### Orkuveitan

Orkuveitan á fyrst og fremst að sjá borgarbúum fyrir lífsnauðsynjum, vatni og rafmagni og gegnir sem slík mikilvægu grunnhlutverki í sveitarfélaginu. Tryggjum að hagsmunir almennings verði ávallt í forgrunni í rekstri Orkuveitunnar en til þess þarf að gæta varkárni í fjárfestingum og koma fjárhag hennar á réttan kjöl. Orkuveitan verði áfram í eigu almennings.